

Námsáætlun í textílmennt veturinn 2016-2017

5. bekkur

Áfangalýsing og kennsluhættir			
5. bekkur er einu sinni í viku í textílmennt 80 mínútur í senn 1/3 af vetrinum. Nemendur rifja upp að þræða yfir og undirtvinna saumavélarinnar og læra að spóla. Þeir rifja upp undirstöðuatriðin við vélsaum, læra að sikksakka yfir brún og tilgang þess, rifja upp að sníða án saumfara. Þeir læra skapalónsþrykk og að snúa snúru. Nemendur rifja upp garðaprójón, fitja upp og fella af og læra brugðna lykkju. Læra að fara vel með og nýta efnisafganga og garn. Þeir læra um bómullarvinnslu. Verkefni verða lögð inn fyrir allan hópinn og vinnuferlið útskýrt. Síðan einstaklings- og parakennsla. Lögð verður áhersla á að hver nemandi er einstakur og reyni að gera SITT besta. Allir vinna eftir sínum forsendum og á sínum hraða. Sérstök áhersla verður á hjálpsemi og samvinnu..			
Tímab	Viðfangsefni	Lýsing	Hæfniviðmið aðalnámsskrár
	Umgengni í stofu Að þræða saumavél og spóla Vélsaumur Bútasaumspúði (4 bútar) Vélsaumur og þrykk Sundpoki Prjón Brúða úr bókinni Á prjónunum Efnisfræði	Rifja upp umgengnisreglur í stofunni. Rifja upp 2 saman og þræða 2 vélar og læra að spóla (1,2) Æfa að sníða án saumfara og nýta efnisafganga, að næla og sauma saman efni að byrja og að enda og nota straujárn. Rifja upp að jaðra saman efni. Púðinn er fylltur með flís afklippum (endurvinnsla). (1,2,3,4,5) Æfa að sníða, sauma meðfram brún, læra að sikksakka yfir brún og að falda einbrotinn fald. Skreyting. Kynnast skapalónsþrykki og að skrifa m. aðstoð skapalóns Læra að snúa snúru. (1,2,4,5,6) Upprifjun á garðaprójóni, að fitja upp og fella af. Læra að prjóna brugðna lykkju. Skreyta að eigin vali. (1,4,5,6) Læra um tilurð bómullarefnis frá bómullarökrum til spuna og vefnaðar með því að horfa á fræðslumyndbönd (7)	Sameiginleg f. list- og verkgreinar Menningarlæsi Nemandi getur: 1 hagnýtt leikni og þekkingu sem nem. hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangs 2 tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði, 3 haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, 4 lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. textílmennt Handverk, aðferðir og tækni Nemandi getur: 5 unnið með einföld snið og uppskriftir. Sköpun, hönnun og útfærsla Nemandi getur: 6 Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla Menning og umhverfi Nemandi getur: 7 gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.
Námsgögn			
Efni: Efni í sundpoka, efnisafgangar, flísafgangar og afklippur, Tvinni, garn og fl. Áhöld: Saumavél, straujárn, prjónar, nálar, tituprjónar, skæri, skapalón og fl			
Námsmat			
Námsmat tekur mið af völdum hæfniviðmiðum aðalnámsskrár og eftirfarandi lykilhæfnipáttum: virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð. Þá er almenn færni í námsgreininni metin. Námsmatið fer fram jafnt og þétt yfir tímabilið.			
Kennari			
Marta Aðalh. Hinriksdóttir; Martaa@akmennt.is			